

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. ágúst 2020

**Efni:** Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru, 972. mál).

Samtök atvinnulífsins styðja að meginefni til frumvarpið með þeim ábendingum og tillögum sem felast í umsögn þessari.

#### Lenging tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að allar breytingar á grunnreglum laga um atvinnuleysistryggingar, þ.m.t. fjárhæð bóta og greiðslutímabil, verði unnar í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Nú er unnið að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og verða allar grundvallarbreytingar að bíða þeirrar endurskoðunar. Í ljósi þess að lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta er einungis tímabundin aðgerð vegna alvarlegs ástands í atvinnulífinu þá munu Samtök atvinnulífsins ekki setja sig upp á móti þeirri tillögu en benda þó á að lenging þessa greiðslutímabils getur haft letjandi áhrif á atvinnuleit hlutaðeigandi einstaklinga og vilja þeirra til að ráða sig til starfa þar sem laun eru lægri en tekjutengdar bætur.

#### Framlenging hlutabóta

Lagt er til að sérstakt hlutabótaúrræði skv. bráðabirgðaákvæði með lögum um atvinnuleysistryggingar verði framlengt til 30. október 2020. Samtök atvinnulífsins styðja framlengingu þessa úrræðis en telja að óheppilegt sé að framlengja það til skamms tíma í senn. Ljóst má vera að staðan í mörgum atvinnugreinum, sér í lagi ferðaþjónustu, verður erfið í vetur og mun færri störf í boði en verið hefur. Hagfelldara er fyrir hlutaðeigandi einstaklinga og samfélagið að sem flestum gefist kostur á að halda sambandi við sinn atvinnurekanda með hlutastarfi. Það er hins vegar erfitt fyrir atvinnurekendur að skipuleggja mönnun vetrarins ef ekki er meiri fyrirsjáanleiki í lögbundnum úrræðum vegna Covid-19. Samtök atvinnulífsins mæla því með að framlenging hlutabóta verði til lengri tíma, a.m.k. til áramóta.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti þá eiga launamenn forgangsrétt að starfi hafi

atvinnurekandi þegið stuðning vegna launa á uppsagnarfresti. Því má gera ráð fyrir að einhverjum launamönnum verði boðin endurráðning við lok uppsagnarfrests nú um mánaðamótin. Ekki er skýrt í bráðabirgðaákvæði um hlutabætur með lögum um atvinnuleysistryggingar hvort einstaklingur geti sótt um hlutabætur á grundvelli ákvæðisins verði hann endurráðinn í lægra starfshlutfall en hann áður sinnti hjá atvinnurekanda. Rétt er að nefndin skýri ákvæðin hvað þetta varðar, einnig þegar starfsmaður fer í hlutastarf í beinu framhaldi af uppsagnarfresti.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



---

Ragnar Arnason, lögmaður,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs